

Reglur skíðasvæðanna í COVID-19 faraldri

Leið 4 er í gildi fyrir skíðasvæðin frá 13. janúar til og með 17. febrúar 2021, samkvæmt núgildandi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Leið 1: Lokað

- Faraldur á uppleið og miklar takmarkanir í gangi í þjóðfélaginu.

Leið 2: Lokað á lyftur/skiðaganga leyfð. Skálar lokaðir

- Faraldur á niðurleið eða flöt kúrva. Reglur frá vorinu 2020 í gildi fyrir skíðagöngu.
- Tveggja metra regla um nándarmörk. Hópamyndun ekki leyfð.

Leið 3: Skíðalyftur opnar fyrir æfingar ásamt því að leyfa skíðagöngu. Skálar lokaðir

- Fá smit og flestir í sóttkví sem greinast. Vísbendinar um faraldur sé á niðurleið.
- Tveggja metra regla um nándarmörk.
- Ef staðbundnar sýkingar verða innan hlutaðeigandi umdæmis kemur til greina að loka skíðasvæðum innan umdæmis í samráði við hlutaðeigandi AST.
- Ákvæði 3. og 4. gr. reglugerðar í núgildandi sóttvarna um fjöldatakmörkun, nálægðarmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar og eru æfingar barna heimilar, sem og starfsemi skíðaskóla fyrir börn.
- Skíðaæfingar einstaklinga sem fæddir eru árið 2004 og fyrr er heimil í efstu deild karla og kvenna.
- Skíðaganga er leyfð og öllum er heimilt að stunda æfingar utandyra sem krefjast ekki snertingar að því gættu að virt sé 2ja metra nándarmörk og að hámarki séu 10 manns saman.

Leið 4: Lyftur og skíðagöngusvæði opin og tilmælum sóttvarnalæknis um sóttvarnir er fylgt

- Skíðasvæðin verða opnuð 13. janúar og leyfilegur hámarksfjöldi á hverjum tíma er 25% af reiknaðri móttökugetu hvers svæðis. Aukið eftirlit verður með fjölda á hverju svæði og ef útlit er fyrir að fjöldi sé kominn að hámarki þá verða upplýsingar umsvifalaust birtar á upplýsingamiðlum skíðasvæðanna og aðgangur að svæðinu lokað tímabundið. Hvert svæði birtir á vefsvæði upplýsingar um hámarks-móttöku og reiknað hlutfall gesta sem er leyfilegur á hverjum tíma. Börn fædd 2005 og síðar eru ekki talin með.
- Nándarmörk eru skv. ákörðun HRN, 2 metrar. Tryggt að þeir sem eru einir á ferð komist einir í stól og gert kleift að halda nándarmörk á milli ótengdra aðila, tengdir aðilar geta ferðast saman í stól.
- Upplýsingamiðlun til skíðamanna verður aukin og skíðamenn eru beðnir að afla sér upplýsinga um aðgengi að skíðasvæði áður en haldið er af stað. Ekki er víst að allir komist á skíði þegar þeim best hentar.
- Salerni eru opin. Grímuskylda. Að hámarki mega vera 20 í rými og virða skal 2ja metra reglu.
- Skíðamenn eru hvattir til að fylgja fyrirmælum og koma í veg fyrir hópamyndanir.
- Skíðaæfingar og skíðanámskeið fylgja reglum HRN sem settar hafa verið um íþróttir.
- Tveggja metra merkingar um nándarmörk eru staðsettar við byrjun raðar í hverri skíðalyftu.
- Veitingasala sem rekin er á ábyrgð skíðasvæðanna verður lokað. Skíðamenn eru hvattir til að hafa með sér nesti og neyta þess í sínum farartækjum eða úti í snjónum. Neysla matvæla í skálum skíðasvæðanna er óheimil.
- Nánari tilmæli má sjá á bls. 2 „Nánari leiðbeiningar fyrir leið 4“.

Leið 5: Skíðasvæðin opin án sérstakra takmarkana en fyllstu varúðar gætt

Nánari leiðbeiningar fyrir leið 4

1. Skíðaskálar: Salerni, kortasala, skíðaleiga, móttaka

- Grímuskylda.
- Leiðbeiningar um hreinlæti og sóttvarnir sýnilegar á salernum.
- Upplýsingar um hámarksfjölda á salerni er skráður á vegg við inngang (2ja metra regla gildir).
- Handsápa og spritt á salernum.
- Þrif fara fram a.m.k. tvisvar á dag og kvittað fyrir þeim.
- Veitingasala: Lokuð og neysla matvæla í skíðaskálum skíðasvæðanna er óheimil.
- Við kortasölu eru reglur um nándarmörk skýr og merkt þannig að allir geti fylgt.
- Sóttvarnalæknir hvetur til þess að kortasala fari fram á netinu.

2. Skíðaleiga er opin

- Grímuskylda.
- Nándarmörk á milli viðskiptavina eru 2 metrar.
- Snertifletir þrifnir á milli viðskiptavina.
- Allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja leigu.

3. Lyftur og samskipti við lyftuvörð

- Grímuskylda, bæði hjá lyftuvörðum og skíðaiðkendum. Passa vel upp á almennt hreinlæti.
- 2ja metra regla um nándarmörk í lyfturöðum.
- Snertifletir þrifnir eftir daginn.

4. Gönguskiðabrautin og samskipti í braut

- Einstefna er merkt í fjölförnum brautum.
- Reglur sýnilegar um að fólk sé ekki að stoppa í braut að óþörfu og forðist hópamyndun.
- Sérstaklega er mikilvægt að forðast hópamyndun og halda nándarmörk í upphafi og enda brautar.

5. Smuraðstaða gönguskiðamanna er lokuð.

6. Starfsfólk, þjálfarar og foreldrar

- Grímuskylda.
- Grunnfræðsla um sóttvarnir og hvernig þeim er háttað í hópi.

7. Æfingar/námskeið

- Ákvæði 3. og 4. gr. nógildandi [reglugerðar](#) nr. 5/2021 um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fædd eru 2005 eða síðar og eru æfingar barna heimilar, sem og starfsemi skíðaskóla fyrir börn.
- Íþróttæfingar barna og fullorðinna eru heimilar með og án snertingar innan- og utandyra. Ekki mega vera fleiri en 50 manns í rými og á það við í skíðagöngu og í brekkum.

8. Keppnishald (keppendur og áhorfendur), svig og ganga, fullorðnir og börn og aðrir stórir viðburðir

- Samkvæmt reglum HRN og ÍSÍ á hverjum tíma um keppnishald.

9. Sóttvarnir þegar slys eða meiðsli verða

- Starfsfólk meðvitað um hreinlæti fyrir og eftir snertingu ef hennar er þörf í slysi.
- Fyllsta hreinlætis gætt í slysum og allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja notkun.
- Fylgja leiðbeiningum um fyrstu hjálp og leiðbeiningum um sóttvarnir.

10. Upplýsingamiðlun

- Samstillt upplýsingamiðlun fyrir skíðasvæðin er á www.covid.is og upplýsingar er varða einstök skíðasvæði eru birt á miðlum hvers skíðasvæðis.
- Gætt er að samráði hlutaaðeigandi við miðlun upplýsinga frá skíðasvæðum, s.s. við HRN, SVL og ÍSÍ

Leiðbeiningar skíðasvæðanna eru birtar á www.landlaeknir.is og www.covid.is

Samtök skíðasvæða á Íslandi/Formaður SSÍ, Hlynur Kristinsson